



Ársskýrsla 2004
48. reikningsár



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

STOFNSETT 7. DESEMBER 1956
HÓF STARFSEMI 1. JANÚAR 1957

Stjórn:

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður
Guðbjörg Matthíasdóttir, varaformaður
Geir Zoëga, ritari
Eiríkur S. Jóhannsson
Sigurbjörn Magnússon
Sindri Sindrason
Þorsteinn Már Baldvinsson

Forstjóri:

Gunnar Felixson

Endurskoðendur:

PricewaterhouseCoopers ehf.

Skoðunarmaður:

Kristinn V. Jóhannsson

Varaskoðunarmaður:

Gunnar Hafsteinsson

Efnisyfirlit

Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 2004	3
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	7
Áritun endurskoðenda	8
Rekstrarreikningur ársins 2004	9
Efnahagsreikningur 31. desember 2004	10
Sjóðstreymi ársins 2004	12
Skýringar með ársreikningi 2004.....	13
Fimm ára yfirlit.....	24
Annual Report of the Board and the Managing Director.....	28
Profit and Loss Account for the year 2004	29
Balance Sheet as at December 31st 2004	30
Cash Flow Statement for the Year 2004	32
Summary of Insurance Classes	33
Five Year Highlights from the Annual Accounts	34

Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 2004

Aðalfundur félagsins var haldinn 11. mars 2004 og voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins: Eiríkur S. Jóhannsson, Geir Zoëga, Guðbjörg Matthíasdóttir, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Sindri Sindrason, Sigurbjörn Magnússon og Þorsteinn Már Baldvinsson. Stjórnin skipti með sér verkum og er Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson formaður og Guðbjörg Matthíasdóttir varaformaður.

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 932.396.168 kr. Hluthafar í árslok voru 439 en 492 í ársbyrjun. Í árslok áttu tveir hluthafar yfir 10% hlutfjár, Straumur Fjárfestingarbanki hf. 35,72% og Fram hf. 31,20%.

Ársreikningurinn, sem er samstæðuársreikningur, felur í sér ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar og dótturfélaganna, Líffryggingamiðstöðvarinnar og Tryggingar, sem eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar. Líffryggingamiðstöðin hf. var stofnuð 19. september 2002 en hóf sölu trygginga í byrjun ársins 2003. Starfsemi Tryggingar er óveruleg. Hún er eingöngu fólgin í eignamsýslu og uppgjöri útistandandi tjóna í erlendum endurtryggingum. Ársreikningur félagsins er í megin atriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og fyrri ársuppgjör. Breytt var aðferð við útreikning á fjárfestingartekjum af skaðatryggingarekstri. Í stað þess að miða fjárfestingartekjur af skaðatryggingarekstri við árangur af fjármálastarfsemi er nú tekið mið af meðal ávöxtun 5 ára spariskírteina ríkisins í Kauphöll Íslands að viðbætti hækkun vísitölu og 1,5% vaxtaálagi. Með þessu fæst betri mynd af rekstrarafkomu váttryggingarekstrarins, óreglulegur söluhagnaður eða sveiflur á verðmæti eigna koma þá fram í afkomu fjármálarekstrar en hafa ekki áhrif á afkomu váttryggingarekstrar. Samanburðartölur vegna fyrri tímabila hafa verið endurreiknaðar til samræmis við þessa aðferð. Allur samanburður í skýrslu þessari byggist á samstæðunni nema annað sé tekið fram.

Hagnaður samstæðunnar árið 2004 var 1.980 mkr. eftir skatta, en var 1.424 mkr. árið áður og er þetta besta rekstrarar í sögu félagsins. Váttryggingareksturinn gekk tæplega nógu vel á árinu. Megin skýringin á auknum hagnaði félagsins er óvenju mikill hagnaður af sölu fjárfestinga á árinu. Hagnaður af váttryggingarekstri er 202 mkr. en hagnaður af fjármálastarfsemi er 2.305 mkr.

Hagnaður af fjármálarekstri var 2.305 mkr. en var 1.158 mkr. árið 2003. Tap af hlutdeildarfélögum var 41 mkr., en hagnaður var 57 mkr. árið áður. Tekjur af eignarhlutum í öðrum félögum voru 296 mkr. en var 206 mkr. árið áður. Vaxtatekjur og gengismunur voru lægri en árið áður eða 629 mkr. á móti 710 mkr. árið áður, þar af var gengistap 68 mkr. en var 22 mkr. árið áður. Hagnaður af sölu fjárfestinga var 2.604 mkr. en var 1.261 mkr. árið 2003. Hér er fyrst og fremst um hagnað af sölu hlutabréfa að ræða. Fjárfestingartekjur yfirfærðar á váttryggingarekstur voru 1.000 mkr., samanborið við 897 mkr. árið áður. Undir liðnum önnur gjöld er gjaldfærsla á afskrift af viðskiptavild vegna kaupa á Tryggingu hf. að fjárhæð 111 mkr. og tapaðar kröfur og niðurfærsla að fjárhæð 116 mkr.

Hagnaður af váttryggingarekstri á árinu 2004 var 202 mkr. en var 649 mkr. árið áður. Bókfærð iðgjöld voru 5.842 mkr., samanborið við 6.208 mkr. árið áður og lækkuðu um 5,9%. Þetta er annað árið í röð sem iðgjaldtekjur félagsins lækka og stafar það aðallega af lækkanði iðgjaldstöxtum í ökutækjetryggingum og harðnandi samkeppni. Eigin iðgjöld voru 4.939 mkr., samanborið við 5.212 mkr. árið áður og lækkuðu um 5,2%. Bókfærð tjón voru 5.064 mkr. en 4.394 mkr. á árinu 2003. Eigin tjón ársins voru 4.570 mkr. en voru 4.409 mkr. árið áður og hækkuðu um 3,6%. Tjónþungi er í meira lagi, eigin tjón á móti eigin iðgjöldum eru 92,5% en voru 84,6% árið áður. Lækkun iðgjalda og hækkun tjónahlutfalls má að mestu rekja til lækkunar á iðgjaldstöxtum, einkum í ökutækjetryggingum. Eitt stórt tjón lenti á félaginu á árinu þegar m/s Baldvin Þorsteinsson EA strandaði á Skarðsfjöru. Þetta tjón er nú uppgert, tjónsfjárhæð er 189 mkr., en eigin hlutur félagsins er 63 mkr.

Ársskýrsla

Eins og sést á yfirlitinu hér á eftir er hagnaður af eignatryggingum 60 mkr. en tap hefur verið á rekstri greinarinnar á undanfórnum árum. Hagnaður af rekstri sjó- og farmtrygginga er 90 mkr. og tap af rekstri ökutækjatrygginga er 28 mkr., en þær voru reknar með hagnaði næstu þrjú ár þar á undan. Hagnaður af ábyrgðartryggingum er 50 mkr. sem er nokkru lægra en árið áður. Hagnaður af rekstri slysa- og sjúkratrygginga eru tæpar 10 mkr. sem er verulega betra en árið áður þegar tap var 337 mkr.

Samanburður á rekstrarafkomu einstakra greinaflokka váttrygginga síðastliðin fimm ár.

	2004	2003	2002	2001	2000
Eignatryggingar	60,1	(3,3)	(197,4)	(167,5)	(46,6)
Sjó-, flug- og farmtryggingar	89,7	166,0	(46,7)	93,8	253,5
Lögboðnar ökutækjatryggingar	2,9	527,6	374,0	50,4	(321,9)
Aðrar ökutækjatryggingar	(30,8)	157,6	58,7	126,9	6,4
Almennar ábyrgðartryggingar	50,2	100,6	49,9	97,3	150,0
Slysa- og sjúkratryggingar	9,5	(337,4)	17,8	41,5	42,8
Endurtryggingar	14,8	39,2	2,1	66,3	60,9
Samtals	196,4	650,3	258,4	308,7	145,1

Iðgjöld ársins. Hér fer á eftir samanburður á iðgjöldum ársins síðastliðin fimm ár.

	2004	2003	2002	2001	2000
Eignatryggingar	1.112,0	1.099,9	972,1	827,7	689,8
Sjó-, flug- og farmtryggingar	896,1	999,2	982,9	868,8	868,3
Lögboðnar ökutækjatryggingar	2.061,6	2.321,6	2.385,7	2.076,2	1.516,1
Aðrar ökutækjatryggingar	655,9	724,4	775,2	700,7	583,6
Almennar ábyrgðartryggingar	285,8	278,4	279,6	440,8	294,3
Slysa- og sjúkratryggingar	896,2	862,2	830,8	536,9	481,2
Endurtryggingar	(0,2)	39,8	50,6	27,3	50,8
Samtals	5.907,4	6.325,5	6.276,9	5.478,4	4.484,1

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Tjón ársins. Hér fer á eftir samanburður á tjónum ársins síðastliðin fimm ár.

	2004	2003	2002	2001	2000
Eignatryggingar	665,9	709,9	778,7	873,9	1.824,6
Sjó-, flug- og farmtryggingar	581,9	263,0	2.888,2	641,5	772,2
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	2.007,0	1.818,9	2.132,2	2.044,6	2.127,2
Aðrar ökutækjatrýggingar	571,6	469,6	602,5	452,8	509,3
Almennar ábyrgðartryggingar	322,2	181,2	278,3	354,7	162,5
Slysa- og sjúkratrýggingar	628,8	971,3	577,8	366,5	404,9
Endurtryggingar	11,0	10,7	42,9	1,3	28,1
Samtals	4.788,4	4.424,6	7.300,6	4.735,3	5.828,8
Tjónahlutfall:					
Tjón ársins / iðgjöld ársins	81,1%	69,9%	116,3%	86,4%	130,0%

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Matsþróun tjóna. Samkvæmt reglugerð um reikningsskil váttryggingafélaga ber að sundurliða tjón ársins í tjón sem urðu á árinu og matsbreytingar eldri tjóna í þeim greinaflokkum þar sem matsbreytingarnar eru meiri en 10% af tjónum ársins. Í skýringu 24b er þessi sundurliðun sýnd í öllum greinaflokkum. Matsþróun tjónaskuldar var jákvæð um 452 mkr. sem er 4,8% af tjónaskuld fyrra árs. Í eigin hlut er matsþróunin jákvæð um 413 mkr. sem er 4,7% af eigin tjónaskuld fyrra árs. Ef miðað er við eigin tjón ársins er matsþróun eigin tjónaskuldar jákvæð um 9,0%.

Skrifstofurekstur. Rekstrarkostnaður vegna váttryggingarekstrar að frádregnum umboðslaunatekjum nam 1.174 milljónum króna á árinu en var 1.050 milljónir króna árið áður. Hlutfall hreins rekstrarkostnaðar af bókfærðum iðgjöldum var 20,1% á árinu en var 16,9% á árinu 2003.

Starfsmannahald. Árið 2004 voru starfsmenn að meðaltali 111 en voru 106 á árinu 2003. Nú starfa 89 á aðalskrifstofu, 7 í tjónaskoðunarstöðinni, 1 á Akranesi, 4 á Akureyri, 3 í Reykjanesbæ, 3 í Vestmannaeyjum og 4 í mótuneyti og ræstingu.

Hlutabréfaeign í öðrum félögum. Samstæðan á hlutabréf í 46 félögum. Keypt voru hlutabréf fyrir 7.246 milljón króna og seld hlutabréf fyrir 9.143 milljónir króna. Markaðsverð hlutabréfa skráð á hlutabréfamörkuðum, miðað við sölugengi 31.12.2004, var 7.279 milljón króna eða 3.392 milljónir króna umfram bókfært verð bréfanna og hafði umframverðið hækkað um 2.264 milljónir króna frá árinu áður. Innleystur söluhagnaður af hlutabréfum á árinu var 2.605 mkr.

Váttryggingaskuld félagsins. Heildarváttryggingaskuld félagsins nam 11.345 milljónum króna í árslok 2004, en hlutur endurtryggjenda er 417 milljónir króna. Eigin váttryggingaskuld er því 10.928 milljónir króna. Eigin váttryggingaskuld hefur lækkað um 73 milljónir króna frá árinu áður eða 0,7%. Eigin váttryggingaskuld er nú í hlutfallinu 2,21 á móti eigin iðgjöldum en þetta hlutfall var 2,11 árið áður.

Rekstrarhorfur. Mjög erfitt er að áætla rekstrarhorfur til skamms tíma hjá váttryggingafélagi þar sem langstærsti gjaldaliður félagsins, tjónin, eru háð miklum sveiflum.

Fylgst er stöðugt með afkomu váttryggingagreina og iðgjaldagrundvöllur þeirra endurskoðaður með tilliti til tjónareynslu og aðstæðna á markaði. Ekki eru ráðgerðar breytingar á iðgjaldstöxtum nú, en afkoma ökutækjatrygginga veldur áhyggjum. Eitt stórt tjón hefur lent á félaginu á árinu þegar brunatjón varð í fiskimjòlsverksmiðju Samherja hf. í Grindavík 9. febrúar sl. Áhrif þess á afkomu félagsins eru um 200 mkr.

Fjármunatekjur félagsins byggjast á efnahagsumhverfinu og þeim möguleikum til ávöxtunar sem það gefur. Það er mat stjórnenda félagsins að hagnaður ársins 2005 ráðist að mestu af ávöxtun fjármuna á árinu.

Eins og kunnugt er er þetta síðasta skýrsla mín sem forstjóra félagsins þar sem ég læt nú af störfum á aðalfundi félagsins þ. 11. mars n.k. Ég hóf störf fyrir félagið í júlí 1960 og hef því starfað hjá því í tæp 45 ár. Þetta er orðinn langur en mjög ánægjulegur tími. Ég er afar þakklátur eigendum félagsins, viðskiptavinum þess og síðast en ekki síst öllu samstarfsfólki mínu fyrr og síðar fyrir öll þessi góðu ár. Að lokum býð ég Óskar Magnússon, eftirmann minn, velkominn og óska honum góðs gengis í krefjandi starfi.

Reykjavík, 17. febrúar 2005

Gunnar Felixson

forstjóri

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins og ársreikninga móðurfélagsins. Samstæðuársreikningurinn felur í sér ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og dótturfélaganna, Tryggingar hf. og Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., sem eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Stjórnin leggur til að greiddur verði 100% arður til hluthafa en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins.

Í lok ársins voru hluthafar félagsins 439 að tölu og hafði fækkað um 53 frá fyrra ári. Í lok ársins áttu tveir hluthafar meira en 10% hlutafjár:

Straumur Fjárfestingarbanki hf., Reykjavík . . .	35,72%
Fram hf.	31,2%

Störf stjórnar Tryggingamiðstöðvarinnar hf. grundvallast á samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar sem settar eru á grundvelli laga um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum. Starfsreglurnar eru reglulega teknar til endurskoðunar og hefur stjórn félagsins reynt að kappkosta að þær leiði til vandaðra stjórnarháttá. Í því skyni hafa leiðbeinandi tilmæli um stjórnarhætti fyrirtækja sem sameiginlega voru gefin út af Kauphöll Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Verslunarráði Íslands í mars 2004 verið höfð til hliðsjónar. Félagið telur sig í aðalatriðum uppfylla þær vinnureglur sem tilmælin tilgreina. Stjórnin hefur ekki séð ástæðu til að skipa sérstaka endurskoðunarnefnd eða starfskjaranefnd. Verkefnum sem þessum nefndum væri annars ætlað er sinnt af stjórninni sjálfri.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með áritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2005.

Stjórn:

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður.

Eiríkur S. Jóhannsson

Geir Zoëga

Guðbjörg Matthíasdóttir

Sigurbjörn Magnússon

Sindri Sindrason

Þorsteinn Már Baldvinsson

Forstjóri:

Gunnar Felixson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin tekur mið af mati okkar á mikilvægi og áhættu einstakra þátta og felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 17. febrúar 2005.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Þórir Ólafsson
löggiltur endurskoðandi

Ólafur Þór Jóhannesson
löggiltur endurskoðandi

Samstæðureikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. árið 2004 hef ég, kjörinn skoðunarmaður, yfirfarið og legg til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 17. febrúar 2005.

Kristinn V. Jóhannsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2004

Tekjur og gjöld af váttryggingarekstri:		Samstæða		Móðurfélag	
		2004	2003	2004	2003
Skaðatryggingarekstur	Skýr.				
Iðgjöld:					
Bókfærð iðgjöld		5.842.136	6.207.926	5.842.136	6.207.926
Hlutur endurtryggjenda		(976.572)	(1.109.913)	(976.572)	(1.109.913)
Breyting á iðgjaldaskuld		65.296	117.556	65.296	117.556
Breyting á hlut endurtryggjenda		8.206	(3.282)	8.206	(3.282)
Eigin iðgjöld	24	4.939.066	5.212.287	4.939.066	5.212.287
Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri	25	1.000.638	897.053	995.268	892.737
Tjón:					
Bókfærð tjón		(5.064.063)	(4.394.238)	(5.064.052)	(4.394.238)
Hlutur endurtryggjenda		481.334	255.395	481.334	255.395
Breyting á tjónaskuld		275.704	(30.405)	288.204	(30.405)
Breyting á hlut endurtryggjenda		(262.723)	(240.034)	(262.723)	(240.034)
Eigin tjón	24	(4.569.749)	(4.409.282)	(4.557.237)	(4.409.282)
Rekstrarkostnaður:					
Sölu- og skilgjöld		(458.691)	(406.154)	(458.691)	(406.154)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(738.652)	(665.338)	(738.652)	(665.338)
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum		23.813	21.714	23.813	21.714
Hreinn rekstrarkostnaður		(1.173.530)	(1.049.778)	(1.173.530)	(1.049.778)
Breyting á útföfnunarskuld	24	0	0	0	0
Hagnaður af skaðatryggingarekstri		196.426	650.280	203.568	645.964
Hagnaður (tap) af líftryggingarekstri	3	5.405	(1.177)	0	0
Hagnaður af váttryggingarekstri		201.832	649.103	203.568	645.964
Tekjur og gjöld af fjármálarekstri:					
Fjárfestingartekjur:					
Tekjur (gjöld) frá dótturfélögum	2	0	0	16.480	16.657
Tekjur (gjöld) frá hlutdeildarfélögum		(40.759)	57.432	(40.759)	57.432
Tekjur af öðrum eignarhlutum		295.715	206.610	295.715	203.762
Tekjur (gjöld) af húseignum og lóðum	26	(36.329)	(26.548)	(35.611)	(25.691)
Vaxtatekjur og gengismunur	27	629.206	709.575	626.085	686.950
Hagnaður af sölu fjárfestinga	9	2.604.544	1.261.306	2.604.544	1.261.306
Fjárfestingartekjur		3.452.378	2.208.375	3.466.454	2.200.416
Fjárfestingargjöld:					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(113.023)	(82.940)	(110.998)	(80.916)
Vaxtagjöld		(22.710)	(30.959)	(22.710)	(30.959)
Gjöld vegna matsbreytinga á fjárfestingum		(10.607)	(39.701)	(37.731)	(38.113)
Fjárfestingargjöld		(146.339)	(153.600)	(171.438)	(149.988)
Fjárfestingartekjur yfirfærðar á skaðatryggingarekstur	25	(1.000.638)	(897.053)	(995.268)	(892.737)
Hagnaður af fjármálarekstri		2.305.401	1.157.722	2.299.748	1.157.691
Aðrar tekjur (gjöld) af reglulegri starfsemi					
Aðrar tekjur		72.000	72.014	72.000	72.014
Önnur gjöld	30	(227.056)	(187.763)	(227.056)	(187.763)
Aðrar tekjur (gjöld) af reglulegri starfsemi		(155.056)	(115.749)	(155.056)	(115.749)
Hagnaður fyrir tekju- og eignarskatt		2.352.176	1.691.075	2.348.259	1.687.906
Tekju- og eignarskattur	31	(372.253)	(266.641)	(368.336)	(263.472)
Hagnaður ársins		1.979.923	1.424.434	1.979.923	1.424.434

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir:	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2004	2003	2004	2003
Óefnislegar eignir:					
Viðskiptavild	2,30	444.534	555.666	444.534	555.666
Fjárfestingar:					
Húseignir og lóðir	7	433.398	433.231	400.660	399.340
Samstæðu- og hlutdeildarfélög:					
Hlutir í samstæðufélögum	2			509.498	520.142
Hlutir í hlutdeildarfélögum	8,14	2.605.446	694.452	2.605.446	694.452
Lán til hlutdeildarféлага		0	14.438	0	14.438
		<u>2.605.446</u>	<u>708.890</u>	<u>3.114.944</u>	<u>1.229.032</u>
Aðrar fjárfestingar:					
Verðbréf með breytilegum tekjum	8-10	5.675.787	6.293.592	5.618.311	6.185.852
Verðbréf með föstum tekjum	11	700.773	876.562	634.285	876.562
Veðlán	12	2.403.037	2.333.870	2.403.037	2.333.870
Önnur útlán	13	780.428	690.535	780.428	664.329
		<u>9.560.025</u>	<u>10.194.558</u>	<u>9.436.061</u>	<u>10.060.613</u>
Geymslufé vegna endurtrygginga		18.528	21.144	18.528	21.144
Fjárfestingar		12.617.397	11.357.824	12.970.193	11.710.130
Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld:					
Iðgjaldaskuld		23.421	13.215	19.689	11.483
Tjónaskuld		386.746	649.469	386.746	649.469
Bótaskuld vegna líftrygginga		7.000	2.700	0	0
Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld		417.167	665.384	406.435	660.952
Kröfur:					
Kröfur á váttryggingataka		1.117.771	1.310.556	1.112.264	1.307.441
Aðrar kröfur vegna frumtryggingastarfsemi ..		6.999	107	6.999	107
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi		90.726	84.205	90.048	83.390
Aðrar kröfur		603.014	2.289	600.790	0
Kröfur		1.818.510	1.397.157	1.810.100	1.390.938
Aðrar eignir:					
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	15	93.112	130.765	92.549	129.015
Sjóður og bankainnstæður		4.852.010	4.364.826	4.412.650	4.055.000
Aðrar eignir		4.945.122	4.495.592	4.505.199	4.184.016
Eignir samtals		20.242.729	18.471.622	20.136.461	18.501.701

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir:	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2004	2003	2004	2003
Eigið fé:					
Hlutafé		932.396	932.396	932.396	932.396
Yfirverðsreikningur hlutafjár		867.803	867.803	867.803	867.803
Lögbundinn varasjóður		58.300	58.300	58.300	58.300
Óráðstafað eigið fé		5.133.184	4.153.260	5.133.184	4.153.260
Eigið fé 16-17		6.991.682	6.011.759	6.991.682	6.011.759
Vátryggingaskuld:					
lögjaldaskuld		1.331.009	1.389.197	1.317.601	1.382.897
Tjónaskuld		9.085.485	9.361.189	9.020.485	9.308.689
Bótaskuld vegna líftrygginga		20.520	8.000	0	0
Útjöfnunarskuld		908.000	908.000	908.000	908.000
Vátryggingaskuld		11.345.014	11.666.386	11.246.086	11.599.586
Aðrar skuldbindingar:					
Tekjuskattsskuldbinding	19	724.687	357.374	717.303	348.967
Frestaður söluhagnaður af hlutabréfum	9	756.389	0	756.389	0
Aðrar skuldbindingar		1.481.077	357.374	1.473.693	348.967
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir:					
Skuldir við dótturfélög	20	0	0	18.339	122.419
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi		88.490	65.481	88.490	65.481
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi ...		86.475	102.838	75.076	89.650
Skuldabréfalán	21	0	42.091	0	42.091
Aðrar skuldir	22	111.152	157.668	104.256	153.724
Viðskiptaskuldir		286.117	368.078	286.161	473.365
Áfallinn kostnaður og fyrirframminnheimtar tekjur	23	138.839	68.025	138.839	68.025
Eigið fé og skuldir samtals		20.242.729	18.471.622	20.136.461	18.501.701

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Sjóðstreymi ársins 2004

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2004	2003	2004	2003
Rekstrarhreyfingar:					
Hagnaður ársins		1.979.923	1.424.434	1.979.923	1.424.434
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir rekstrarfjármuna og húseigna	7,15	86.984	85.481	84.644	83.141
Hækkun eigin váttryggingaskuldar		(73.155)	166.033	(98.983)	156.165
Verðbætur og gengismunur		(60.377)	(86.995)	(60.377)	(86.995)
Tap (hagnaður) hlutdeildarfélaganna		40.759	(57.432)	24.279	(74.089)
Tekjuskattskuldbinding, (lækkun) hækkun		367.313	225.297	368.336	225.325
Afskrifuð viðskiptavild vegna yfirverðs	30	111.132	111.132	111.132	111.132
Hagnaður af sölu eigna og matsbreytingar		(2.593.937)	(1.221.349)	(2.566.813)	(1.222.937)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun		(418.736)	101.590	(416.546)	106.738
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(11.147)	9.958	(116.389)	12.854
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		(571.241)	758.148	(690.794)	735.770
Fjárfestingarhreyfingar:					
Söluverð rekstrarfjármuna		3.040	4.127	3.040	4.127
Kaupverð rekstrarfjármuna		(52.363)	(42.093)	(52.363)	(42.093)
Arður af dóttur- og hlutdeildarfélögum		162.089	54.030	162.089	54.030
Afborganir skuldabréfa		2.166.623	2.279.680	2.176.802	2.284.958
Keypt skuldabréf		(2.075.178)	(1.511.783)	(2.045.066)	(1.511.783)
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum		9.143.021	3.616.254	9.062.850	3.616.254
Kaupverð eignarhluta í öðrum félögum		(7.246.491)	(2.431.437)	(7.216.593)	(2.431.437)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>2.100.741</u>	<u>1.968.777</u>	<u>2.090.760</u>	<u>1.974.055</u>
Fjármögnunarhreyfingar:					
Afborganir langtímalána	21	(42.317)	(2.081)	(42.317)	(2.081)
Greiddur arður		(1.000.000)	(186.479)	(1.000.000)	(186.479)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.042.316)</u>	<u>(188.560)</u>	<u>(1.042.316)</u>	<u>(188.560)</u>
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar		<u>1.058.425</u>	<u>1.780.217</u>	<u>1.048.444</u>	<u>1.785.495</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		487.184	2.538.365	357.650	2.521.265
Handbært fé í ársbyrjun		<u>4.364.826</u>	<u>1.826.461</u>	<u>4.055.000</u>	<u>1.533.735</u>
Handbært fé í árslok		<u>4.852.010</u>	<u>4.364.826</u>	<u>4.412.650</u>	<u>4.055.000</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 144/1994 um ársreikninga og reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samstæðureikningurinn innifelur ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og dótturfélaganna Tryggingar hf. og Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., sem eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum félaganna í samstæðunni en innbyrðis inneignum og skuldum milli samstæðufélaga eytt, svo og innbyrðis viðskiptum.

2. Eignarhlutir í Tryggingu hf., Líftryggingamiðstöðinni hf., Íslenski endurtryggingu hf. og Fjárfestingarfélaginu Gretti hf. eru metnir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Aðrir eignarhlutir í félögum eru metnir á kostnaðarverði.

Á liðinn viðskiptavild er fært yfirverð vegna kaupa móðurfélagsins á dótturfélaginu Tryggingu hf., sem ekki tengist einstökum eignum þess. Eftirstöðvar viðskiptavildarinnar gjaldfærast á næstu 4 árum.

Viðskiptavild greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	555.666
Gjaldfærð viðskiptavild á árinu	(111.132)
Staða í árslok	444.534

Eignarhlutur móðurfélags í dótturfélögum er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra í lok ársins.

	Líftrygginga- miðstöðin hf.	Trygging hf.	Samtals
Nafnverð	250.000	203.600	453.600
Bókfært verð í ársbyrjun	264.849	255.293	520.142
Yfirverð fært út sem matsbreyting í móðurfélagi	0	(27.124)	(27.124)
Hagnaður (tap) ársins	21.240	(4.760)	16.480
Bókfært verð í árslok	286.090	223.408	509.498

Líftryggingarekstur

3. Tekjur (gjöld) af líftryggingarekstri samstæðunnar greinist þannig:

Eigin iðgjöld	31.671
Fjárfestingartekjur	1.244
Eigin líftryggingabætur	(11.422)
Breyting á eigin iðgjalda- og annarri líftryggingaskuld	(5.108)
Rekstrarkostnaður	(10.980)
Hagnaður af líftryggingarekstri	5.405
Iðgjaldaskuld flokkast þannig á einstaka flokka vegna líftryggingarekstrar:	
Áhættulíftryggingar	6.554
Sjúkdómatryggingar	6.854
	13.408
Bókfærð iðgjöld flokkast þannig á einstaka flokka vegna líftryggingarekstrar:	
Áhættulíftryggingar	26.280
Sjúkdómatryggingar	13.725
	40.005
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum vegna líftryggingarekstrar	(8.334)
	31.671

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar

4. Afskriftir ársins eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti af kaupverði, þó með því fráviki að kaupverð húseigna og rekstrarfjármuna sem keyptir voru árið 2001 og fyrr hefur verið framreiknað til árslokaverðlags 2001.

Afskriftarhlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

Húseignir	3%–6%
Skrifstofuáhöld, innréttingar og tölvur	20%–33%
Bifreiðar	10%

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

5. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færð í rekstrarreikning. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2004, eignir á kaupgengi og skuldir á sölugengi, en tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadagsins.
6. Í efnahagsreikningi eru skammtímakröfur og verðbréf færð niður um 177,3 mkr. hjá samstæðunni sem er sama fjárhæð og hjá móðurfélaginu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Kröfur og eignir sem eru endanlega tapaðar, samtals að fjárhæð 115,9 mkr., voru færðar út úr bókum samstæðunnar.

Fjárfestingar

7. Húseignir og eignarlóðir greinast þannig:

	Samstæða 2004
Stofnverð í ársbyrjun	674.880
Keypt á árinu	21.350
Stofnverð í árslok	696.230
Afskriftir alls í ársbyrjun	241.650
Afskriftir ársins	21.183
Afskriftir samtals í árslok	262.832
Bókfært verð í árslok	433.398

Fasteignamat, brunabótamat og bókfært verð húseigna og eignarlóða samstæðunnar greinast þannig í árslok:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Aðalstræti 6, Reykjavík (75,63%)	288.100	391.771	231.734
Aðalstræti 8, Reykjavík (64,77%)	95.732	121.825	88.747
Hamarshöfði 2, Reykjavík (100%)	32.084	37.918	8.743
Hamarshöfði 3, Reykjavík (100%)	14.007	16.326	15.349
Austurvegur 6, Selfossi	14.565	30.403	32.738
Strandgata 3, Akureyri	9.975	18.905	18.213
Strandvegur 63, Vestmannaeyjum (100%)	10.934	25.219	16.202
Hafnarbraut 6, Neskaupstað (20%)	2.602	6.792	3.197
Miðvangur 2-4, Egilsstöðum (4%)	2.420	6.759	5.022
Sumarhús	12.352	21.513	11.257
Fischersund 1, Reykjavík (lóð)	1.506		556
Mjóstræti 5, Reykjavík (lóð)	4.054		0
Strandvegur 61, Vestmannaeyjum (lóð)	370		1.638
	488.701	677.431	433.398

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignarhlutir í öðrum félögum

8. Samstæðan á eignarhluti í eftirgreindum félögum og er hann færður á kaupverði, nema um sé að ræða hlutdeildarfélög.

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutir samstæðunnar í félögum:			
Hlutdeildarfélög:			
Fjárfestingarfélagið Grettir hf., Reykjavík	49,75%	49.750	2.374.875
Íslensk endurtrygging hf., Reykjavík	38,32%	135.074	230.571
		<u>184.824</u>	<u>2.605.446</u>
Hlutabréf skráð á hlutabréfamarkaði:			
Austurbakki hf., Reykjavík	1,99%	300	13.626
Bakkavör-Group hf., Njarðvík	1,25%	20.147	175.617
Burðarás hf., Reykjavík	0,78%	43.572	343.268
deCode genetics, USA (37.864 hlutir)		0	35.719
Fiskmarkaður Íslands hf., Snæfellsbæ	2,88%	2.050	3.316
H.B. Grandi hf., Reykjavík	5,88%	86.934	528.225
Kögun hf., Reykjavík	0,28%	532	22.787
Landsbanki Íslands hf., Reykjavík	4,39%	355.371	1.561.866
Landssími Íslands hf., Reykjavík	0,00%	300	1.751
Líftækni sjóðurinn, Reykjavík	0,67%	1.250	15.335
Nýherji hf., Reykjavík	1,00%	2.640	14.062
Samherji hf., Akureyri	3,61%	59.955	638.589
SÍF hf., Hafnarfirði	0,48%	27.327	91.948
Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	2,21%	37.492	188.955
Stáltak hf., Akureyri	3,76%	6.550	6.550
Sölu miðstöð hraðfrystihúsanna hf., Reykjavík	0,56%	8.743	51.668
Tangi hf., Vopnafirði	2,56%	22.609	37.321
Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum	0,43%	6.740	30.068
Þormóður rammi-Sæberg hf., Siglufirði	1,97%	25.667	126.708
		<u>708.180</u>	<u>3.887.379</u>

Skýringar

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Hlutabréf sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði:			
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf.	5,00%	12.500	2.527
Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf., Reykjavík	2,33%	549	656
EJS hf., Reykjavík	0,06%	231	8.367
GoPro ehf., Reykjavík	0,48%	1.170	13.556
Hraðfrystihús Hellissands hf., Hellissandi	4,36%	510	30.999
Hraðfrystihús-Gunnvör hf., Ísafirði	10,62%	25.429	165.642
Ísfélag Vestmannaeyja hf., Vestmannaeyjum	5,77%	33.210	369.138
Ísfélag Þorlákshafnar hf., Þorlákshöfn	1,68%	2.467	4.310
Íshaf hf., Húsavík	3,91%	50.000	50.000
Karl K. Karlsson ehf., Reykjavík	0,25%	56	5.673
Kassagerð Reykjavíkur ehf., Reykjavík	5,72%	17.500	33.250
Kinn ehf., Vestmannaeyjum	4,34%	1.000	1.000
Latibær ehf., Seltjarnarnesi	0,92%	183	20.000
Nordisk Flyforsikring A/S, DKK (500 þús. hlutir)	5,00%	0	29.446
Norðurós ehf., Blönduósi	3,41%	1.000	6.000
Oddi hf., Vesturbyggð	4,92%	5.000	6.050
Ráeyri ehf., Siglufirði	6,50%	78.000	78.000
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., Reykjanesbæ.	1,60%	2.000	2.416
Softis hf., Reykjavík	2,39%	7.500	7.500
Stuðlaháls ehf., Reykjavík	1,85%	8.333	8.834
Tölvumyndir ehf., Reykjavík	4,32%	6.270	57.475
Vífilfell hf., Reykjavík	1,48%	7.393	40.032
Vísir hf., Grindavík	2,48%	453	59.170
Þorbjörn - Fiskanes hf., Grindavík	31,44%	83.563	479.418
Þórsberg ehf., Tálknafirði	5,00%	1.075	5.750
		<u>345.891</u>	<u>1.485.211</u>
Hlutafélög, önnur en dóttur- og hlutdeildarfélag		<u>1.054.072</u>	<u>5.372.590</u>
Samtals eignarhlutir í öðrum félögum		<u>1.238.896</u>	<u>7.978.036</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

9. Bókfært verð hlutabréfa sem skráð eru á hlutabréfamarkaði nam 3.887 mkr. í árslok, en markaðsverð þeirra var á sama tíma 7.279 mkr.

Breyting á markaðsverði skráðra hlutabréfa greinist þannig á árinu:

Markaðsverð í ársbyrjun	6.531.386
Kaupverð hlutabréfa	4.161.692
Seld hlutabréf og aðrar breytingar	(5.130.043)
Hækkun markaðsverðs á árinu	1.716.579
Markaðsverð miðað við gengi í árslok	<u>7.279.615</u>

Hagnaður af sölu eignarhluta í Straumi er færður þannig að 50,25% af hagnaði er tekjufærður á árinu 2004 en 49,75% er frestað þar sem eignarhluturinn var seldur til Fjárfestingarfélagssins Grettis hf., sem er hlutdeildarfélag Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

	Samstæða 2004	Samstæða 2003
10. Verðbréf með breytilegum tekjum sundurliðast þannig:		
1) Hlutabréf (önnur en dóttur- og hlutdeildarfélag)	5.372.590	6.032.626
2) Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	293.940	251.708
3) Stofnfé	9.257	9.257
	<u>5.675.787</u>	<u>6.293.592</u>
11. Verðbréf með föstum tekjum samstæðunnar sundurliðast þannig:		
Verðbréf með ríkisábyrgð	609.110	846.126
Skuldabréf með bankaábyrgð	26.799	30.436
Skuldabréf með sveitarfélagaábyrgð	3.257	0
Skuldabréf með fyrirtækjaábyrgð	61.607	0
	<u>700.773</u>	<u>876.562</u>
12. Veðlán samstæðunnar sundurliðast þannig:		
Skuldabréf með veði í skipi	118.117	290.730
Skuldabréf með veði í fasteign	176.358	246.668
Skuldabréf með veði í bifreið	2.108.561	1.796.472
	<u>2.403.037</u>	<u>2.333.870</u>
13. Önnur útlán samstæðunnar sundurliðast þannig:		
Skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð	636.751	529.583
Víxlar og önnur lán	143.677	160.952
	<u>780.428</u>	<u>690.535</u>

Skýringar

14. Hlutir í hlutdeildarfélögum

Móðurfélagið á yfir 20% eignarhlut í þremur félögum og beitir hlutdeildaraðferð við mat á tveimur þeirra. Varðandi sundurgreiningu einstakra eignarhluta vísast í skýringu nr. 8.

Aðrar eignir

15. Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir greinast þannig:

	Samstæða 2004
Stofnverð í ársbyrjun	275.882
Keypt á árinu	31.013
Selt á árinu	(4.709)
Stofnverð í árslok	<u>302.185</u>
Afskriftir alls í ársbyrjun	145.116
Selt á árinu	(1.844)
